

Ágúst Hafsteinsson Sleipni



Ágúst Hafsteinsson er fæddur í Reykjavík árið 1956. Hann hóf afskipti af félagsmálum hestamanna árið 1992 og sat í stjórn Hestamannafélagsins Andvara frá 1995-99.

Árið 1995 tók hann gæðingadómarapróf og hefur hann sinnt stjórnarstörfum gæðingadómarafélagsins meðal annars sem formaður félagsins og í dag er hann gjaldkeri þess. Hann hefur dæmt gæðingakeppni víða á Íslandi og erlendis, þar á meðal Landsmót hestamannafélaga frá 2004 til 2012 og gegndi hann hlutverki yfirdómara á mörgum þeirra. Ágúst hefur setið Landsþing hestamannafélaga frá árinu 1997 sem þingfulltrúi Hestamannafélagsins Andvara og síðar Sleipnis á Selfossi. Þá hefur hann setið í fjölmörgum ráðum og nefndum, meðal annars keppnisnefnd Landssambandsins frá árinu 2000 til 2018. Árið 2007 flutti Ágúst ásamt fjölskyldu sinni í Sveitarfélagið Árborg og fljótlega upp úr því fór hann að starfa að félagsmálum Sleipnismanna og sat í Æskulýðsnefnd Sleipnis. Var hann meðal annars formaður nefndarinnar þegar Sleipnir fékk Æskulýðsbikarinn á Landsþingi í Reykjavík árið 2012. Árið 1995 setti Ágúst ásamt góðum félögum á laggirnar hið fræga Metamót sem haldið var á keppnissvæði Andvara á Kjávöllum og starfaði við mótið í 10 ár, oftast með sömu félögunum. Mótið hefur alltaf notið mikilla vinsælda. Ágúst hefur einnig sinnt starfi mótsstjóra Íslandsmóta fyrst hjá Hestamannafélaginu Andvara á Kjávöllum árið 2005 og seinna hjá Hestamannfélaginu Sleipni á Brávöllum árið 2011.